



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJA TIL FORSETA EKVADORS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í dag, þriðjudaginn 19. apríl, sent samúðarkveðju sína og íslensku þjóðarinnar til Rafael Correa forseta Ekvadors vegna hinna mannskæðu jarðskjálfta í landinu.

Í kveðjunni minnir forseti á að þótt einstaklingurinn geti verið smár frammi fyrir hamförum náttúrunnar séu mennirnir sterkir þegar þeir standi saman; hugur Íslendinga sé hjá fórnarlömbum jarðskjálftanna, ættingjum þeirra, vinum og öðrum sem eigi um sárt að binda.

19. apríl 2016

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).